



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 18. ágúst 2025
2508895/502.10 IA

Efni: Heimild til sölu íbúða

Undanfarin misseri hefur eignasafn húsnæðisnefndar Kópavogs verið til skoðunar með tilliti til viðhaldsþarfar, aldurs o.fl. Er það mat eignadeildar að skynsamlegt sé að halda áfram að endurnýja eignasafnið með því að selja eldri íbúðir og fjárfesta í nýbyggingum sem bjóða upp á betra aðgengi, sem margir skjólstæðingar húsnæðisnefndarinnar þurfa á að halda.

Húsnæðisnefnd Kópavogs á um 302 íbúðir og er meðalaldur húsanna um 47 ár. Í mörgum af eldri byggingum er jafnframt hlutfall íbúða í eigu húsnæðisnefndar hátt í sömu stigagöngunum. Markmið húsnæðisnefndar hefur verið að lækka hlutfall íbúða í eigu húsnæðisnefndar í sömu byggingu og tryggja betri dreifingu. Við kaup á nýjum íbúðum hefur það því verið regla að húsnæðisnefnd eigi aðeins eina íbúð í hverjum stigagangi, eða í kringum 10% íbúða í húsi.

Með tölvupósti, dags. 20. júlí 2025, sendi stjórn húsfélagsins að Þverbrekku 2 áskorun til Kópavogsbæjar um að selja íbúðir í eigu húsnæðisnefndar Kópavogs sem eru nú lausar til úthlutunar í húsinu. Er sú áskorun studd með þeim rökum að hlutfall félagslegra íbúða í húsinu sé hátt og nauðsynlegt sé að lækka hlutfall leiguíbúða í húsinu.

Í húsinu að Þverbrekku 2 eru 32 íbúðir þar af 8 íbúðir í eigu húsnæðisnefndar Kópavogs. Þá er aldur hússins 56 ár og þarfnast umræddar íbúðir töluverðar endurnýjunar, enda nánast upprunalegar.

Þá á húsnæðisnefnd Kópavogs 5 íbúðir af 18 íbúðum í húsinu að Ástúni 12 sem og 6 íbúðir af 18 í húsinu að Ástúni 4. Bæði húsin eru 45 ára gömul og margar íbúðir í eigu húsnæðisnefndar í upprunalegu ástandi og þarfnast því



töluverðar endurnýjunar. Þá eru bæði húsin án lyftu og hefur það reynst velferðarsviði erfitt að úthluta íbúðum í lyftulausum húsum.

Með hliðsjón af framangreindu er óskað eftir heimild til að selja eftirfarandi íbúðir:

Þverbrekka 2: Íbúðir 0304 og 0602

Ástún 12: Íbúðir 0104

Ástún 14: Íbúðir 0204

Það sem af er árinu 2025 hefur húsnæðisnefnd keypt 8 íbúðir.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Deildarstjóri greiningardeildar

